



Upplýsingar
til fjölmiðla
frá skrifstofu forseta Íslands

ATBURÐIR UM ÁRAMÓT

1. Ríkisráðsfundur verður á Bessastöðum á gamlársgdag kl. 10:30 og eru heimilaðar myndatökur í upphafi ríkisráðsfundar.
2. Orðuveiting verður á Bessastöðum á nýársdag og hefst hún kl. 14:20. Myndataka af orðuhöfum verður heimiluð í lok athafnar, um það bil 14:40 – 14:50.
3. Nýársmóttaka forseta fyrir ráðherra, hæstaréttadómara, alþingismenn, sendiherra, ræðismenn, forystumenn ríkisstofnana og embættismenn, forystumenn félagasamtaka, stéttasamtaka og atvinnulífs og aðra gesti hefst síðan kl. 15:00 á nýársdag og varir til um kl. 17:30. Myndatökur verða heimilaðar í henni í samráði við forsetaritari.

Athygli skal vakin á því að um hátíðlega atburði er að ræða, sérstaklega á nýársdag, og vinsamlega er farið fram á að ljósmyndarar og fréttamenn taki tillit til þess í klæðaburði.

30. desember 2005